



Dagsetning  
22. nóvember 2001

Alþingi  
Erindi nr. P 127/464  
komudagur 11.12.2001

Sjávarútvegsnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um mál 4, tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað útgerðar og fiskvinnslu. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Stofnunin telur rétt að stefnt sé að því að samkeppnisskilyrði á markaði með óunnin fisk hér á landi séu sem eðlilegust og að viðskipti með hráefni til vinnslu séu þeim hætti að þau standist alþjóðasamninga og íslensk samkeppnislög.

Hinsvegar hefur ekki verið metið innan Bygðastofnunar hver áhrif umræddrar tillögu yrðu á þróun byggðar.

Virðingarfyllt

Theodór Bjarnason  
forstjóri

Áskell Heiðar Ásgeirsson  
ráðgjafi



## Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. \* 710 Seyðisfirði \* Sími 472 1690 \* Fax 472 1691 \* Netfang ~~ssa@ssa.is~~ <sup>Alþingi</sup> www.ssa.is

*Erindi nr. P 127/161*  
*komudagur 20.11.2001*

*Nefndasvið Alþingis*  
*Austurstræti 8-10*  
*150 REYKJAVÍK*

*Seyðisfirði 19. nóvember 2001*

*Sjávarútvegsnefnd Alþingis.*

Á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 13/11 sl. voru eftirfarandi þingmál lögð fyrir til umsagnar:

Sjávarútvegsnefnd Alþingis:

191. mál, krókabátar.


193. mál, krókaaflamarksbátar.

3 mál, úthlutun aflahlutdeildar ofl.


χ 4 mál, um fjárhagslegan aðskilnað útgerðar og fiskvinnslu.

*Samþykkt að veita ekki umsögn.*

Framanritað tilkynnist hér með

  
Þorvaldur Jóhannsson

*framkvæmdastjóri SSA*



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík


*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/130*  
*komudagur 15.11.2001*

Reykjavík 14. nóvember 2001.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, 4. mál.**

Sjómannasamband Íslands tekur undir þingsályktunartillöguna og telur tímabært að eitthvað sé aðhafst í þessu máli. Eins og réttilega kemur fram í greinargerð með tillögunni er það ástand sem nú ríkir varðandi viðskipti með fisk óviðunandi. Íslensk samkeppnislög og kröfur EES samningsins um virka samkeppni á markaði hljóta að gilda um fiskviðskipti sem önnur viðskipti. Því telur Sjómannasamband Íslands brýnt að sett verði lög um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu hið fyrsta.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/1615  
komudagur 4.4.2002



3. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Á fundi sjávarútvegsnefndar Alþingis með starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar 26. maí 2002 um tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, fór formaður nefndarinnar fram á það að stofnunin gæfi nefndinni skriflega umsögn um málið, auk upplýsinga sem fram komu á fundinum. Umsögnin fylgir hér með.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson

forstjóri

**Umsögn um Tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. (4. mál, lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002.)**

---

Vegna hlutaskiptakerfisins hefur verið á fiski til vinnslu innanlands ekki einungis áhrif á útgerð og fiskvinnslu heldur einnig á launakjör sjómanna. Það er vegna þessara áhrifa á launakjör sjómanna sem samtök þeirra hafa lengi haldið fram kröfum um að þrengt skuli að rétti fyrirtækja til að ráðstafa afla þeirra skipa sem þau eiga til eigin vinnslu. Oftast hefur þessi krafa verið í því formi að allur fiskur skuli boðinn til sölu á markaði, en einstaka sinnum hefur krafan verið í því formi að aðskilja skuli rekstur útgerðar og fiskvinnslu.

Það er eðlilegt að sjómenn leitist við að gæta hagsmuna sinna gagnvart útgerðum sem einnig starfrækja fiskvinnslu. Ef það reynist erfitt miðað við óbreytt fyrirkomulag hlutaskiptakerfisins þá má ætla að skynsamlegt væri fyrir sjómenn hjá slíkum fyrirtækjum að víkja frá hlutaskiptakerfinu eða breyta því þannig að hagsmunir þeirra séu betur tryggðir. Það sama á við ef kvótakerfið hefur skapað aðstæður sem leiða til þess að hagsmunir sjómanna er ótryggir miðað við óbreytt fyrirkomulag hlutaskiptakerfisins. Ekki er skynsamlegt að hið opinbera grípi inní skipulag atvinnugreinar til að tryggja hagsmuni starfsmanna í greininni nema fullljóst sé að þeir geti ekki tryggt hagsmuni sína í samningum.

Í greinargerð með tillögunni er vikið að samkeppnislögum og rætt um „þann mikla aðstöðumun“ sem sé að milli fyrirtækja sem fái úthlutað aflaheimildum og „fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.“ Þjóðhagsstofnun hefur safnað miklu af gögnum um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja sem gætu nýst við athugun á aðstöðumun á milli sjávarútvegsfyrirtækja. Stofnunin hefur ekki kannað hvort fyrirkomulag útgerðar og fiskvinnslu sé þannig háttáð hér á landi að beinlínis varði við samkeppnislög. Ef grunsemdir eru um slíkt er eðlilegt að leitað sé til Samkeppnisstofnunar með málið.

Í umræðum um sjávarútvegsfélum hafa lengi heyrst misvísandi fullyrðingar um stóru sjávarútvegsfyrirtækin sem starfrækja bæði útgerð og fiskvinnslu. Fulltrúar þeirra segja að með því að samræma starfsemi útgerðar og fiskvinnslu séu þau að auka hagkvæmni miðað við það sem ella væri mögulegt. Andstæðingar þeirra segja að þeir noti sér aðstöðu sína til að stjórna því hvert fiskurinn fari og þessi ráðstöfun sé ekki alltaf hagkvæm. Nærtækt væri að ætla að hagsmunum stóru sjávarútvegsfyrirtækjanna væri best borgið með því að þau fiskvinnslufyrirtæki fái fiskinn sem geta greitt hæst verið fyrir hann. Þannig væri líka tryggt að honum væri ráðstafað á hagkvæmasta hátt. Ekki er ljóst hvaða hagsmunir gætu leitt þau til að gera eitthvað annað.